# BREYTING Á DEILISKIPULAGI - HVALEYRARHOLT SUÐ-VESTUR
# HÁHOLT 15

**HAFNARFJÖRÐUR**
www.hafnarfjordur.is




FYRIR BREYTINGU - samþykkt 15.10.2002 MKV 1:1000




EFTIR BREYTINGU MKV 1:1000

Í gildi fyrir Háholt 15 er Heildarskipulag **Hvaleyrarholt suð-vestur**, samþykkt 15.10.2002.
Í kafla **3.6 Leiksvæði** og útivist kemur fram: "Skólalóð Hvaleyrarskóla er hugsaður sem hverfisvöllur eftir skólatíma. Skólalóðir leikskólana Vesturkots og Álfasteins og gæsluvöllurinn við Háholt eru hugsaðir börnum hverfisins eftir lokun á daginn."

Deiliskipulag fyrir lóð Hvaleyrarskóla var samþykkt 07.09.2004.



Skýringarmynd deiliskipulag, samþ. 07.09.2004.

**Greinargerð:** Aðstaða frístundaheimilis Hvaleyrarskóla er orðin of lítil og gert er ráð fyrir að það fái viðbótarrými fyrir kennsluna á gæsluvellinum norðan við skólan. Til stendur að færa kennslustofu af lóð Hraunvallaskóla sem er ca. 7,4 m x 17,4 m = 129 m2 að stærð.

**Lýsing á breytingunni:** Á lóð Háholt 15 er gerður nýr byggingarreitur fyrir byggingu/kennslustofu. Lögð verður áhersla á að laga húsið vel að umhverfi og að gæði leiksvæðisins sem eftir er verði haldin sem mest. Kvöð er um lagnir vegna hitavatnslagnar. Að öðru leiti gilda eldri skilmálar.

**Skilmálar innan nýs byggingarreits:** heimilt er að byggja 17,7 x 7,7 m hús með hæð allt að 4 m frá gólfkóta jarðhæðar. Þakið má fara allt að 0,2 m út fyrir byggingarreit. Að öðru leyti er húsagerð frjáls. Á milli gæsluhúsins og nýs byggingarreits liggur heimlögn hitaveitu.




SKÝRINGARMYND, SNIÐ A - A'



YFIRLIT- HLUTI AÐALSKIPULAGS HAFNARFJ. 2013 - 2025

SKÝRINGAR:

| | |
|---|---|
| Skipulagsmörk | Nýr byggingarreitur |
| Lóðarmörk | Hellulagt yfirborð |
| Lóðir | Nýir stígar með bundnu slitlagi |
| Útivistar og leiksvæði | Kvaðir um gröft |
| Almenn græn svæði | Vegur, bundið slitlag |
| Lóðir fyrir þjónustustofnanir | 30 km þrenging |
| Stígar með bundnu slitlagi | |
| Kvöð um göngustíga innan lóða | Þjónustustofnanir |
| 'Íbúðarhús | Byggingarreitur |

*Breytt 05.02.24: Ábending barst frá Veitum á tímabil grenndarkynningar um að heimlögn hitaveitu lendir undir nýjum byggingarreit í upphaflegri tillögu. Brugðist er við athugasemdinni með tilfærslu byggingarreits um 2 m til vesturs þannig að hann sé utan áhrifasvæðis lagnarinnar. Breidd byggingarreitsins minnkar úr 8 m í 7,70 m og lengd úr 18 m í 17,70 m. Bætt var við skilmálum um að þakið megi fara allt að 0,2 m út fyrir byggingarreit. Kvöð um lagnir er bætt við.*

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í/á fundi bæjarstjórnar

þann 14.02. 2024

Tillagan var grenndarkynnt frá 20.12. 2023 með athugasemdafresti til 22.01. 2024

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 06.03. 2024

[signature]
Hafnarfjarðarbær
Skipulagsfulltrúi

BREYTING Á DEILISKIPULAGI - HVALEYRARHOLT SUÐ-VESTUR

HÁHOLT 15

MKV: 1:1000

ÚTGÁFA DAGS: 15.12.2023

BLAÐSTÆRÐ: A3 TEIKNAÐ: AS

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
HAFNARFJARÐAR